

## Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Dýrleifu Skjöldal og Steingrími J. Sigfússyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
<i>Breytingar á sundurliðun 2:</i>			
<b>Við 02-999 Ýmislegt</b>			
1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis . . . . .	155,0	8,7	163,7

### Greinargerð.

Lagt er til að veitt verði 8,7 m.kr. tímabundið framlag til meðferðarstarfsemi í Hlíðarskóla á Akureyri eins og gert er ráð fyrir að veita til Gaulverjaskóla í frumvarpinu.

Í Hlíðarskóla eru 16 pláss fyrir drengi og átta pláss fyrir stúlkur sem eiga við hegðunar-, aðlögunar- og samskiptaröskun að stríða. Auk þess eru fimm pláss ætluð börnum með geð- og þroskaraskanir. Öll börnin eru á skólaskyldualdri en geta ekki stundað almennan skóla.

Meðferðarúrræðin eru dýr og algjörlega sambærileg úrræðum Gaulverjaskóla, enda er fyrirmyndin að starfinu í Gaulverjaskóla sótt til Hlíðarskóla. Til að gæta jafnræðis er því rétt að Hlíðarskóla verði veitt sama fjárhæð og Gaulverjaskóla til meðferðarstarfsemi sinnar.